

STARFSLEYFI

Súluholt ehf.

Malar og sandnám, móttaka óvirks jarðvegsúrgangs til landmótunar, móttaka og tímabundin geymsla brotamálms, dekkja og malbiksúrgangs

**Súluholti, landnr. L166385
803 Selfoss**

Nafn og kt. rekstraraðila: **Súluholt ehf, kt. 440108 0750**

Heimilisfang: **Súluholti, 803 Selfoss**

Útgáfudagur: 14. júní 2021

Gildir til: 14. júní 2033

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir efnistöku, móttoku óvirks jarðvegsúrgangs til landmótunar og
tímacundinnar geymslu brotamálma, dekkja og malbiksúrgangs
dags. 14. júní 2021**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sækji um að leyfið færst yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 14. júní 2021

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



STARFSLEYFISSKILYRÐI

Súluholt ehf.

kt. 440108-0750

Súluholti, Flóahreppi

801 Selfoss

Vegna efnistöku, móttöku óvirks jarðvegsúrgangs og tímabundinnar geymslu
brotamálma, dekkja og malbiksúrgangs.

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir:
 - a) Nám og vinnslu jarðefna, þ.m.t. hörpunar og grófvinnslu efnis í námu í landi Súluholts sem er merkt E13 í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029.
 - b) Landmótun vegna frágangs fullunnina efnistökusvæða innan námu í landi Súluholts sem merkt er E13 í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Heimilt er að taka á móti ómenguðum óvirkum jarðvegsúrgangi, þ.e. mold, möl, sandi, grjóti, hreinum muldum steypubrotum o.þ.h., auk lífræns garðaúrgangs og trúafklippna að svo miklu leyti sem slíkur úrgangur nýtist við frágang svæðisins.
 - c) Móttaka og tímabundin geymsla brotamálma og dekkja. Óheimilt að taka á móti og geyma spilliefni á geymslusvæðinu. Brotamál og dekk skal flytja reglulega af geymslusvæðinu til móttökuaðila sem hefur til þess starfsleyfi. Heimilt er að athafnasvæði fyrir geymslu og flokkun brotamálma og dekkja sé allt að 5000 m² á hverjum tíma á svæði sem er merkt E14 í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029.
 - d) Móttaka og tímabundin geymsla malbiksúrgangs, allt að 2.000 m³ á hverjum tíma, innan svæðis sem merkt er E13 í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Óheimilt er að nýta malbiksúrgang sem tekið er á móti til tímabundinnar geymslu í burðarlög akstursleiða og plana innan efnistöku- og landmótunarsvæðisins, sem og í frágang fullunnina efnistökusvæða.
- 1.3 Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Starfsleyfishafi skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykkta notkun fasteigna. Jafnframt skal starfsleyfishafi sjá til þess að farið sé að öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats, hafi það farið fram, fyrirmælum í framkvæmdaleyfi viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar og ákvæðum starfsleyfisskilyrða þessa við frágang efnistökusvæðis.



- 1.5 Starfsleyfishafi skal veita heilbrigðiseftirliti upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðiseftirlits, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemi er lögð niður eða eigendaskipti verða. Starfsleyfið fellur sjálfkrafa úr gildi ef framkvæmdaleyfi fellur úr gildi og/eða fæst ekki endurnýjað.
- 1.7 Starfsleyfishafa er skyld að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.8 Starfsleyfishafi skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðiseftirliti.
- 1.9 Starfsleyfishafi hefur eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.:
 - Fjöldi og hnittsett staðsetning efnistökustaða, efnistegund og vinnslumagn.
 - Upplýsingar um nöfn verkata sem stunda efnistöku í námum sem starfsleyfið nær til.
 - Farma sem tekið er á móti í landmótun (dags., teg. efnis og magn).
 - Flutning brotamálms og dekkja af geymslusvæðinu (dags., magn, viðtakandi)
 - Fjöldi olíutanka, olíuáfyllingarsvæða, olíuskilja, magn olíuefna og rýrnun.
 - Atvik er varða mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunarhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.
 - Notkun, flutningur og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.
 - Magn olíusora og sands í olíuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.

Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.

2. Mengunarvarnir

- 2.1 Olíuáfyllingar og olíuskipti á þungavinnuvélum skulu eingöngu fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur ef aðstæður leyfa samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 2.2 Gæta skal ítrустu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar. Ísogsbúnaður og/eða ísogsefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni hellast niður. Verði vart við olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráði við að fjarlægja hana strax, skal slökkviliði þegar gert viðvart í neyðarsíma 112.
- 2.3 Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Olíuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.
- 2.4 Olíutankar skulu ávallt vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykktu olíuskilju. Olíutankar skulu búnir yfirfyllingarviðvörum eða yfirfyllingarvörnum. Tryggt skal að olía renni ekki út í umhverfið þó lagnir bresti. Afla þarf samþykksis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir, staðsetningu, stærð og frágangi olíutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingarplani og olíuskilju. Olíubirgðatankar stærri en 10.000 lítra þurfa sér úttekt Umhverfisstofnunar.
- 2.5 Díselrafstöðvar skulu staðsettar innandyra og með öruggri lekavörn.



- 2.6 Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er vegna skammtímanotkunar af smurolíum á svæðinu.
- 2.7 Úrgangsólía, notaðar olíusíur og rafgeymar eru spilliefni sem á að fara með í viðurkennda förgun. Geymsla á þessum efnum ásamt málningum, málningar-afgöngum og smurolíum og smurfeiti skal vera á öruggum stað innan dyra.
- 2.8 Fyrir olíubirgðatanka og lagnir gilda ákvæði reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 2.9 Verktakar skulu ekki geyma olíubirgðir á efnistökusvæðum eftir að vinnslu er lokið.

3. Aðkoma og frágangur

- 3.1 Yfirbragð efnistöku-, landmótunar- og geymslusvæða skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 3.2 Við efnistöku og frágang efnistökusvæðis skal fylgja leiðbeiningunum: *Námur – efnistaka og frágangur*, sem umhverfisráðuneyti o.fl. aðilar gáfu út árið 2002
- 3.3 Flytja skal allan úrgang sem fellur til við starfsemina jafnóðum frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð á námusvæðum.
- 3.4 Starfsleyfishafi skal sjá til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.
- 3.5 Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að fokgjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma jarðefni af.
- 3.6 Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini. Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 3.7 Hvergi skulu á efnistökusvæðinu myndast óþarfa tjarnir. Ef hætta er á að ár og lækir mengist skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða vatnið í gegnum settjarnir eða síubeð, eða aðra hreinsun sem heilbrigðiseftirlit telur þörf á.
- 3.8 Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé fjarlægður og/eða meðhöndlæður í samræmi við leiðbeiningar Hollstuverndar ríkisins nr. 8 frá 1998 um *Meðferð á olíumenguðum jarðvegi*.
- 3.9 Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags.
- 3.10 Fylgja skal reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.

Selfossi, 14. júní 2021

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu breyts starfsleyfis fyrir

Súluholt ehf.

kt. 440108 0750

**Súluholti,
803 Selfoss**

vegna móttöku og tímabundinnar geymslu malbiksúrgangs í starfstöð fyrirtækisins að Súluholti í Flóahreppi.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 3. febrúar sl. umsókn Helga Sigurðssonar, kt. 060953 5389, f.h. Súluholts ehf., kt. 440108 0750, um breytingu á útgefnu starfsleyfi þar sem umsækjandi óskaði eftir starfsleyfi fyrir móttöku og tímabundna geymslu malbiksúrgangs í efnisnámu í landi Súluholts í Flóahreppi, merkt E13 í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Auk þess óskaði umsækjandi eftir heimild til að taka á móti allt að 500m³ af ómeðhöndluðum timburúrgangi í landmótun á svæðinu. Viðbótarupplýsingar bárust HSL þann 11. febrúar sl.

Var móttaka ofangreindrar umsóknar auglýst þann 11. febrúar sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að breytingu á starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um heimild til móttöku og tímabundinnar geymslu malbiksúrgangs annars vegar og hins vegar heimild til móttöku allt að 500 m³ af ómeðhöndluðum timburúrgangi til landmótunnar.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 17. febrúar sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa uppsveita Árnессýslu. Þann 1. mars sl. barst neikvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið, þar sem geymsla á malbiksúrgangi og móttaka á 500 m³ af ómeðhöndluðum timburúrgangi væri ekki í takti við skilgreiningu svæðisins í aðalskipulagi og ekki í takti við útgefið framkvæmdaleyfi fyrir móttöku jarðefna á svæðinu frá árinu 2018.



Í kjölfarið var umsækjanda leiðbeint um að sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir móttöku og tímabundinni geymslu á malbiksúrgangi og móttöku á 500 m³ af ómeðhöndluðum timburúrgangi til landmótunar í umræddri námu. Framkvæmdaleyfi fyrir móttöku og tímabundinni geymslu malbiksúrgangs var síðan gefið út þann 20. maí sl., en umsækjandi hafði ekki óskað eftir breytingu á útgefnu framkvæmaleyfi vegna ofangreindrar móttöku á ómeðhöndluðum timburúrgangi til landmótunar.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að breytinigu á starfsleyfi vegna móttöku og geymslu malbiksúrgangs annars vegar og móttöku 500 m³ af ómeðhöndluðu timbri til landmótunar á vegum Súluholts ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 16. febrúar sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 16. mars sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi, en hins vegar barst neikvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu, sjá lið 2.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Eftirfarandi breytingar voru gerðar að tillögu að starfsleyfi að auglýsingatíma loknum.

Vegna neikvæðrar umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu hefur grein 1.2 b) í auglýstum starfsleyfisskilyrðum verið breytt þannig

- að setningin „Að auki er heimilt að taka á móti ómeðhöndluðum timburúrgangi, allt að 500 m³ á ári,“ hefur verið felld út.
- að orðinu „ómenguðum“ hefur verið bætt inn á eftir orðunum „Heimilt er að taka á móti“ í annari setningu sömu málsgreinar, til að áréttu að óheimilt er að taka á móti og meðhöndlæt meðgreiningarjarðvegsúrgang á svæðinu.

Þá var orðalag í 4. setningu í grein 1.2 c) lagfært þar sem hún var ekki nógu skýr. Var setningunni breytt úr „Heimilt er að athafnasvæði fyrir geymslu brotamálma og dekkja allt að 5000 m² á svæði sem merkt er sem E14 í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029“ í „Heimilt er að athafnasvæði fyrir geymslu og flokkun brotamálma og dekkja sé allt að 5000 m² á hverjum tíma á svæði sem er merkt E14 í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029.“



6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 212. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 7. júní sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Súluholts ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að breytt starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára á grundvelli útgefins framkvæmdaleyfis fyrir móttöku og tímabundna geymslu malbiksúrgangs.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsméðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 14. júní 2021

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Stella Hrønn
Stella Hrønn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi